

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	ÍSL 203 Kennsluáætlun vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir, Kristín Árnadóttir	Sk.st.	ÁBE, KRÁ
----------------	---	---------------	----------

Áfangalýsing: Í áfanganum verður lesin norræn goðafræði og nemendur kynnast hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fá kynningu og þjálfun í meðferð heimilda við gerð heimildaritgerða og skrifa verkefni og ritgerð sem byggjast á heimildavinnu. Einnig verður fjallað um mál og málsögu frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Loks vinna nemendur starfsumsókn og ferilskrá, lesa eina nýlega skáldsögu og vinna verkefni sem tengjast henni.

Markmið:

Að nemandi:

- geti skrifað formlega starfsumsókn, auk ferilskrár.
- þekki helstu atriði í sögu norrænnar goðafræði.
- kynnist helstu aðferðum við meðferð tilvitnana, tilvísana og heimilda í ritgerðasmíði.
- læri að vinna heimildaritgerð.
- þekki sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga.
- þekki helstu einkenni íslenskunnar og tengsl hennar við önnur tungumál.
- rifji upp helstu hugtök í bókmenntagreiningu og geti beitt þeim í ræðu og riti.

Námsgögn: *Handbók um ritun og frágang* eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal 10. útgáfu (2010), útgefandi Mál og menning.

Íslensk málsaga eftir Sölva Sveinsson, 4. útgáfa (2000), útgefandi Mál og menning. Skáldsagan *Skugga-Baldur* eftir Sjón, útgáfa frá 2010, útgefandi Bjartur.

Einhver útgáfa Gylfaginningar Snorra-Eddu, t.d. netútgáfa Snerpu á
<http://www.snerpa.is/net/snorri/gylf.htm>.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (1 vika) 8. janúar – 17. janúar

Handbók um ritun og frágang og efni frá kennara: *HURF* bls. 12, 19, 45-53, 114-115. Umfjöllun um nám og störf og mikilvægi þess að vandað sé til verka þegar kemur að ferilskrá og umsóknum um starf. Nemendur vinna starfsumsókn og ferilskrá sem gildir **5% af lokaeinkunn**.

2. lota (2 vikur) 20. janúar – 31. janúar

Handbók um ritun og frágang: *Heimildavinna* bls. 23—27, 38-41, 67-93, 120-122. Farið verður yfir aðferðir við meðferð og frágang heimilda og gerð heimildaskrár. Nemendur vinna stutt heimildaverkefni sem tengist efni heimildaritgerðar þeirra sem unnin er í næstu lotu. **Verkefnið gildir 5% af lokaeinkunn.**

3. lota (3 vikur) 3. febrúar – 21. febrúar

Handbók um ritun og frágang: *Heimildaritgerð* bls. 13, 15, 23-27, 28-41, 67-93, 118-128, 132. Áfram verður unnið með heimildaverkefni annarrar lotu og efni þess víkkað út og unnið með ítarlegri hætti. **Ritgerðin gildir 20% af lokaeinkunn.**

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	ÍSL 203	
	Kennsluáætlun vorönn 2014	

4. lota (2 vikur) 24. febrúar – 7. mars

Skugga-Baldur: Sagan lesin og rædd. Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 10% af lokaeinkunn.

5. lota (3 vika) 10. mars – 28. mars

Norræn goðafræði, ýmsar heimildir. Farið verður yfir helstu þætti norrænnar goðafræði, um upphaf heimsins og lok hans, skv. norrænni trú og fjallað um helstu goð og vætti. Ýmis verkefni unnin. **Nemendur halda stuttan fyrirlestur um efnið sem gildir 10% af lokaeinkunn. Efni lotunnar verður til lokaprófs.**

6. lota (4 vikur) 31. mars – 2. maí (ATH. páskafrí kemur inn í lotuna)

Íslensk málsgaga: bls. 9-75, 82-85, 101-118, 126-137. Farið verður yfir sögu og einkenni íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál. **Nemendur vinna rannsóknarverkefni tengt efni lotunnar sem gildir 10% af lokaeinkunn. Efni lotunnar verður til lokaprófs.**

Námsmat og vægi námsþátta

St:arfsumsókn og ferilskrá	5%
Heimildaverkefni	5%
Heimildaritgerð	20%
Verkefni úr <i>Skugga-Baldri</i>	10%
Fyrirlestur í goðafræði	10%
Verkefni í málsögu	10%
Lokapróf (efni 5. og 6. lotu)	40%

Áhersla er lögð á að nemendur skili öllum verkefnum en áfanga telst ekki lokið nema nemandi skili a.m.k. heimildaritgerð og taki lokapróf.

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur verkefnaskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn. Sé nemandi skráður veikur á umræddum prófdegi býðst honum að taka prófið upp síðasta föstudag þess mánaðar eða þess næsta, standi þannig á dagsetningum.

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils